

# bírta

*brunar af stað*

RAFN KUMAR  
» Hóf tennisæfingar  
fimm ára

STELDU STÍLNUM  
» Clive Owen

BAKSTUR  
» Nýbakað brauð



Krúsararnir:  
**ÓBILANDI ÁHUGI  
Á FORNBÍLUM**

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN  
28. apríl - 4. maí

# Sjálfskipt Fiesta. Núna



► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestraen bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta. Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákum gæði - veldu Ford.

## Berðu saman Yaris og Fiesta

Fáir bílar eru jafn léttir í akstri og Ford Fiesta. Þú vilt sterkan sjálfskiptan smábíl sem gott er að keyra og auðvelt er að umgangast. Bíl sem auðvelt er að fara inn í - og út úr - án þess að þurfa reyna mikil á líkamann; hendur, fætur, mjóðum eða bak - þú prófar nýjan og breyttan Fiesta. Skiptu núna um bíl: Fiesta er nýtt tákum um nýja hönnun smábíla og skartar því besta frá stærri bílum eins og Focus og Mondeo. Gömul tákum eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Fiesta, aksturseiginleikarnir, sjálfskiptingin og glæsilegt útlit kalla á nýjan samanburð.

Berðu saman Toyota Yaris Sol og Ford Fiesta Trend. Kynntu bér staðalbúnaðinn. Farangursrýmið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Berðu saman verð og gæði og nýtt viðmið verður til fyrir val á réttu bílum. Veldu sjálfskiptan Fiesta.

## Nýr og breyttur Ford Fiesta\*

### Kaupverð

Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra	1.630.000 kr.
Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur	1.790.000 kr.

### Bílasamningur

Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra	22.330 kr.
Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur	24.530 kr.


### Rekstrarleiga

Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra	31.590 kr.
Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur	34.460 kr.

## Nýttu bér tilboðin á nýjum og breyttum Ford Fiesta



Ford er meðal vinsælustu bílamerka á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.





Nýtt tákni um gæði



Berðu saman mikilvægasta búnaðinn; vélina, sjálfskiptinguna, IPS öryggiskerfið: Pú færð 1,6 l, 100 hö. Fiesta í stað 1,3 l, 87 hö. Yaris eða meiri kraft en svipaða eldsneytis-eyðslu. Öryggiskerfið er hjarta Fiesta og státar af IPS öryggisbúnaðinum. Berðu saman aksturseiginleika Fiesta og Yaris. Spurðu um ABS bremsur, EBD hemlajöfnun, IPS öryggispúða fyrir framsæti, einnig um IPS öryggispúða í hliðum. Spurðu um 3-punkta bílbelti fyrir öll sæti, rafstýrða bílbeltastrekkjara og hæðarstillingu fyrir bílbelti. Rafstýrða eldsneytislokun. Styrktarbita í hurðum. Ræsivörn. Pú finnur aðeins það besta í Fiesta og Yaris. Taktu um stírið og alvöru sjálfskiptingin gefur til kynna að þú ert í meiri og betri bíl en áður. Tryggðu öryggi þitt. Berðu saman verð og gæði.

Kynntu þér örugga bjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu nýjan og breyttan Ford Fiesta.

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

IPS öryggisbúnaður  
4 öryggispúðar  
5 hófuþóðar  
ABS hemlalæsivörn  
EBD hemlajöfnun  
Rafstýrðr bílbeltastrekkjaraar  
Hæðarstilt bílbelti að framan  
Ræsivörn  
Fjarstýrð samlæsing  
Hæðarstilling á ökumanhssæti  
Hæðarstillanlegt stíri

Upphitanleg framsæti  
Trend áklæði á sætum  
Tvískipt aftursæti  
Geislaspilarí og 4 hálтарlar  
Rafdrifnar ruður að framan  
Fjaropnun á skotti  
Rafdrifnir og upphitanlegir útispaglar  
Litað gler  
Samlfir stuðarar  
Pokuljós

### Eða Fusion - svolitið jeppalegri?

Skoðaðu einnig nýjan og breyttan Ford Fusion. Pú ert að meiri og betri bíl en áður. Hann er hærri og enn auðveldari að umgangast. Líka svolitið jeppalegri. Skoðaðu tilboðin á sjálfskiptum Fusion í dag, einnig greiðslukjörin. Komdu í Brimborg.



Ford Fusion Trend  
5 dyra 1,6i sjálfskiptur\*  
Kaupverð 1.850.000 kr.  
Bílasamningur 25.350 kr.  
Rekstrarleiga 35.670 kr.

### Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Pú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreit\*\* veljir þú bíl frá Brimborg. Pú færð peninginni beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bínum. Pú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Öruggur staður til að vera á


Stórtleikur Pepsi & BT

JÖNSSON & LE MACKS © ILS



SKORRADU  
MED PEPSI

BT



16



12



14



34

**Þetta helst**

- 7 Fyrsti maí
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Ara Tómassonar
- 10 Birta mælir með
- 12 Rafn Kumar fór að æfa tennis fimm ára
- 14 Vorblótið

**Grein**

- 16** Krúsararnir:  
Óbilandi áhugi á bílum

**Hann hún**

- 24 Ilmur af nýbokuðu brauði
- 30 Stíll Clive Owen
- 32 Kristín Eva elur upp
- 32 Allt í röð og reglu
- 34 Gaman í sumarleikjum
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
- 40 Stjörnuspá
- 42 Tabúle salat
- 44 Völdin tekin af hormónunum

**Í hverju blaði**

- 48** Krossgáta  
**51** Sjónvarp næstu viku  
**68** Sudoku

**IMEDEEN®**  
Systemic Skin Solution  
time perfection

inner strength. Outer beauty. Inner strength.  
Outer beauty. Inner strength. Outer beauty.  
Inner strength. Outer beauty. Inner strength.  
Outer beauty. Inner strength. **BO** tablets

## INNRI STYRKUR YTRI FEGURÐ

Húðin verður bjartari, sléttari, þéttari og jafnari • Hefur áhrif á húð alls líkamans • Dregur samstundis úr áhrifum öldrunarferlisins • Hefur augljós áhrif á rakaþéttni húðarinnar • Dregur úr hrukku- og línumyndun Dregur úr öldrunarblettum og öðrum ánumum blettum • Hjálpar til við að verja meginþætti í undirlagi húðarinnar gegn öldrun • Unnið úr náttúrulegum efnum, bio marin complex, lycopene og c-vítamíni Tvær töflur á dag og sjáanlegur árangur fæst innan 2-3 mánaða

# IMEDEEN®

Fyrir fallegri húð - 2 töflur á dag [www.imedeen.com](http://www.imedeen.com)  
FÆST Í SNYRTIVÖRUDIELD HAGKAUPA OG APÓTEKUM

## Kominn tími til að sverfa til stáls!



Síðustu ár hefur ekki mikið farið fyrir baráttudegi alþýðunnar, 1. maí, og svo virðist sem stöðugt fari minna fyrir sjálfrí verkalýðsbaráttunni á þeim degi. Íslenska þjóðin virðist hafa haft það svo fint að í versta falli hefur hún haft samviskubit útaf of mikilli hagsæld. Nú er hins vegar útlit fyrir breytta tíma, að minnsta kosti um skeið. Íslenska krónan hefur fallið síðustu

vikur eins og King Kong á leið niður Empire State með tilheyrandi látum og spekingarnir keppast við að vara alþýðuna við að eyða of miklu og stofna til meiri skulda. 1. maí poppar því upp á frekar hentugum tíma, að minnsta kosti fyrir þá sem vilja grípa til aðgerða ef ekki á illa að fara. Löggur, smiðir, skrifstofufólk, fiskvinnslufólk, hjúkkur og allir aðrir, þurfa bæði

að líta í eigin barm og síðast en ekki síst að standa saman. Enn eitt álverið virðist ekki geta bjargað okkur heldur verður mannaúðurinn í landinu að sjá um verkið. Við skulum því sameinast næstkomandi mánudag, þó ekki væri nema bara til þess að afa raddböndin og fá að syngja línum á borð við „Fram, þjáðir menn í þúsund löndum...“

## heitt & kalt

Heitt

Vögt


Hvorki heitt né kalt

Við stofuhita

Ískalt



**Nördar** Sjónvarpsefni og tísksustraumar. Nördar munu brátt taka yfir heiminn.



**Bækur** Eiginlega of augljós staðreynd til þess að benda á hana.



**Sléttujárn** Allir virðast eiga sléttujárn en samt fer fátt vett með hárið.




**Efnahagsumræður** Hvernig væri að hætta að deila um verbólgskeið eða -skot og fara að grípa til einhverra aðgerða?



**Nethangs** Er ekki hægt að eyða tímanum í eitthvað uppbyggilegra, til dæmis bókalestur (sjá hér fyrir ofan).


### Samlokur og kakó » Ekki gleyma nestinu

Vorið er tími smáferðalaga og hvort sem lagt er í göngutúra, lautarferðir eða fjallaklifur er eitt ómissandi og það er holtt og gott nesti. Fólk getur orðið ótrúlega hungrað eftir útvist og til að njóta ferðalagsins er nauðsynlegt að hafa ljúffengan og þægilegan kost meðferðis. Fátt er lustugra en samlokur og kakó þegar matast er úti í náttúrunni og að sjálfsögðu verður ánægjan enn meiri ef aluð er lögð í fráganginn.



### Listahátíð » Menningin blómstrar

Maí er að verða mikill menningar mánuður. Listahátíð Reykjavíkur ber þar einna hæst. Hún hefst 12. maí næstkomandi og miðasala er þegar hafin. Ýmsir spennandi viðburðir eru í boði og um að gera að stúdera dagskrána á vef listahátíðar [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is). Bæta svo fyrir syndir þeirra ára þegar dagskráin var bara skoðuð aftur og aftur en ekki mætt á einn einasta atburð. Listin auðgar nefnilega andann og það er hið besta mál á tímum endalausrar efnishyggi.



### Heitir pottar » Á hvert heimili

Hvað er notaþgrað en að fara í sund og leggjast í heitan pott, láta heitt vatnið umlykja langþreyttan líkama og hugleiða heimsins vandamál. Jú, það gæti orðið betra. Við gætum gert þetta heima í garði. Það er löngu orðið skilyrði að hafa heitan pott við sumarbústaðinn. Fríð væri ekki hið sama án þess. Bæði er hægt að nota hann til slökunar auk þess sem það er hinn skemmtilegasti samkvæmisleikur að troða tíu manns í átta manna pott. Samskiptin verða varla mikil nánari en það. Hin síðari ár hefur færst töluvert í aukana að heitum pottum sé komið fyrir við heimahús enda margir farnir að huga betur að görðum sínum en áður tiðkaðist með fallegum skilveggjum og sólpöllum. Notalegur nuddoppottur er punkturinn yfir i-ið. Hann hentar bæði sem notaleg stund fyrir foreldra, frábær skemmtun fyrir litlu börnin og góður partíleikur fyrir unglungana.

Heita potta er hægt að fá í öllum stærðum og gerðum. Úr hörðu plasti og mjúku gúmmíi. Hitaða með hitaveitu eða rafmagni. Fyrir þá sem vilja komast næst náttúrunni og hafa gaman af dúlti við eld er einnig til heitur pottur úr viði í Húsamtíjunni sem hitaður er upp með kamínu.





HVAR ER PIITT EGO?

BENSÍN DÍSEL  
KVITTA FÝLGIR ÁVINNINGUR!



Ódýrt eldsneyti + ávinnungur!

[www.ego.is](http://www.ego.is)



## brennslan mín ...

Ari Tómasson háskólanemi og ritstjóri

## Brennsla til að hlusta á aftur og aftur

Ari Tómasson, háskólanemi og ritstjóri Rjómans, rjominis.is, er einn af þeim sem alltaf læs brennsluna og þegar hann var fenginn til þess að sjóða saman eina slíka sjálfur datt honum strax ákveðið þema í hug. „Ég fann lög sem ég get hlustað á aftur og aftur án þess að fá leið á þeim. Ég reyni líka að vera ekki þróngsýnn.“ Ari segir samt að margar fleiri hljómsveitir séu í uppáhaldi en á þær geti hann einungis hlustað í ákveðinn tíma í senn. Ari segist einmitt lengi hafa haft það sem viðfangsefni afhverju maður geti aðeins hlustað á sum lög aftur og aftur án þess að fá leið á þeim. „...án þess þó að komast að neinni ákveðinni niðurstöðu.“

### TRACK 1

**RJD2 - Ghostwriter.** Besta lag sem ég hef heyrta. Það er ómögulegt að fá leið á því.

### TRACK 2

**Four Tet - As Serious As Your Life.** Four Tet er hér með aðgengilegasta lag sitt. Fáranlega griðandi.

### TRACK 3

**Birdy Nam Nam - Abbasses.** Fjögurra manna ofur plötusnúdasveit frá Frakklandi sem býr til öll hljóðin í sínum lögum með skratsu frekar en að bara mixa þau.

### TRACK 4

**Dungen - Du E For Fin For Mig.** Gustav Ejstes er Mozart vorra tíma.

### TRACK 5

**The Knife - You Take My Breath Away.** Systkinadúettinn sænski semur raftónlist eins og engir aðrir.

### TRACK 6

**The Arcade Fire - Neighborhood #1 (Tunnels).** Arcade Fire er besta hljómsveit síðan Radiohead. Tékkvið á henni ef þið hafið ekki gert það áður.

### TRACK 7

**The Band - The Weight.** Ég hef alltaf verið hrifnari af hljómsveit Dylans heldur en kallinum sjálfbum. Petta lag er unaðslegt.

### TRACK 8

**Ratatat - Seventeen Years.** Langmest spilaða lagið mitt í iTunes. Komið hátt í tvöhundruð spilanir.

### TRACK 9

**Elliott Smith - Southern Belle.** Elliott kallinn dó frá okkur allt of snemma. Southern Belle er í uppáhaldi af mörgum góðum lögum sem hann hefur samið.

### TRACK 10

**Aesop Rock - Forest Crunk.** Tottenham - aðdáandi númer eitt og félagi, Einar Gísla, benti mér á þetta lag og það hefur ekki farið úr plei-listanum síðan.

## » birta mælir með...

### ...PLÖTUNNI RETURN TO THE SEA MED

**ISLANDS** Ein affyrstu alvöru sumarplötunum í ár og ekki veitir af. Islands spila kanadískt gleði-indípopp af bestu gerð sem hefur samt alvarlegan undirtón. Hér er ekki farið eftir einhverjum fyrirfram ákveðnum reglum heldur feta Islands sína eigin braut. Ljúfsár, melódísk, skemmtileg og úthugsuð plata sem vonandi hjálpar okkur að bræða snjóinn.



### ...LÍFRÆNNI JÓGÚRT MEÐ MANGÓBRAGÐI

Mjög fersk og góð jógúrt sem bragðast vel hvort sem er að morgni dags eða að kvöldlagi. Jógúrtin sem er sæt getur verið góður eftirréttur eftir krydd-aðan mat. En hún er líka afar góð í lettan morgunmat eða milli mála.



### ...FIREFLY

sem er einstaklega ferskur svaladrykkur. Sérstaklega er sá guli góður. Hann er með sítrónu, límónu og engiferbragði. Drykkurinn er sagður hreinsandi og er það ekki selt dýrara en það er keypt. Um hitt er engum blöðum að fletta að ljúffengur er hann og afar hressandi.

## Gormaskór

## NÝTT

Við höfum séð þá í teiknimyndum, myndasögum og þess háttar. Gormaskór virðast vera mjög eftirsótt og rökrétt viðbót við farartækjaflóruna. Þegar maður er fimm ára. Það er því að vissu leysi skrýtið að fullorðinn einstaklingur hafi látið sér detta í hug að framleiða slíka skó, en á sama tíma stórfurðulegt að enginn hafi verið búinn að því fyrr. Gormaskórnir hljóta að vera góður grunnur að nýju líkamsræktaræði, hentugir til að skjótast út í búð og ædislega sniðugir á djamminu. Ekki hefur enn fengist uppgefið hvar þessir skór muni verða til sölu, en fréttavefir hafa sýnt myndir af þeim undanfarnar vikur.

Ungur maður sem gat ekki beðið og smíðaði sér sína eigin gormaskó lætur hafa eftir sér að skórnir sínir „bæti ákveðnum óvissuþætti“ við það eitt að standa eða ganga, og séu í raun stórhættulegir. Vonandi verður búið að sníða þá vankanta af þessum þegar þeir fara í sölu svo að við getum öll verið skoppandi glöð í sumar!



# Full búð af nýjum sumarvörum



GYLTTI KÖTTURINN

**Opið alla daga – einnig sunnudaga**

AUSTURSTRÆTI 8 – 10 101 REYKJAVÍK 5340005

Viðtal: EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR

Mynd: HÖRÐUR



» Rafn Kumar Bonifacius er ellefu ára gamall og varð nýlega fjórfaldur Íslandsmeistari í tennis. Með Íslandsmeistartitlinum ávann Rafn Kumar sér réttindi til þátttöku í heimsmeistaramóti tólf ára og yngri í tennis sem haldið verður í Flóríða í desember.

## Fór að æfa tennis fimm ára gamall



HVAÐ ERTU BÚINN AÐ ÆFA TENNIS LENGI? Ég er búinn að æfa tennis í sjö ár eða síðan ég var fimm ára.

HVERNIG VARÐSTU FJÓRFALDUR ÍSLANDSMEISTARI?

Það var Íslandsmeistaramót uppi í Kópavogi um daginn og þar varð ég Íslandsmeistari í tólf ára og yngri einliða og fjörtán ára og yngri einliða. Síðan varð ég Íslandsmeistari í átján ára og yngri tvíliða og fjörtán ára og yngri tvíliða.

HVERNIG STENDUR Á PVÍ AÐ PÚ ERT AÐ KEPPA VIÐ PÁ SEM ERU SVONA MIKLU ELDRI EN PÚ?

Ég spila á móti þeim sem eru á svipuðu stigi og ég þó að þeir séu eldri og þeim sem eru kannski aðeins betri en ég því að mig langar til þess að ná betri árangri.

KEPPA MARGIR Á PÍNUM ALDRI Í ELDRI FLOKKUNUM?

Nei, ég er alltaf lang yngstur.

FERDU OFT TIL ÚTLANDA AÐ KEPPA?

Ég er búinn að fara nokkrum sinnum. Ég var að koma frá Tallinn í Eistlandi af Evrópumóti fjörtán ára og yngri þar sem ég lenti í sextánda

sæti og svo fer ég til Flóríða í desember að keppa á Orange ball sem er heimsmeistaramót tólf ára og yngri í tennis.

ÁTTU PÉR EINHVER FLEIRI ÁHUGAMÁL EN TENNIS?

Ég er að læra á gítar en ætla að fara að hætta því. Síðan var ég að leika í Kalla á þakini og svo hef ég verið að tala inn á teiknimyndir og talaði til dæmis fyrir Nemó í Leitin að Nemó.

HEFURDU EINHVERN TÍMA FYRIR SKÓLANN ÞEGAR PÚ ERT AÐ GERA SVONA MARGT ANNAD?

Já, já, en ég hef ekki alltaf tíma til þess að leika við vini mína.


AETLARDU AÐ HALDA ÁFRAM AÐ ÆFA TENNIS PANGAD TIL PÚ VERÐUR BESTUR?

Já, ég ætla allavega að reyna það.

ER EITTHVAÐ SEM PÚ VILT SEGJA AÐ LOKUM?

Við erum að berjast fyrir því að fá fleiri tennisvelli byggða í Reykjavík til þess að bæta aðstöðuna hérra og erum að ganga í hús núna og safna undirskriftum hjá fólk. Við vonum bara að sem flestir sýni okkur stuðning með því að skrifa undir.

ARMANI / CASA



Sýning í exó alla helgina  
**... og líka 1.mai**



Reykjavík - Oslo  
[www.exo.is](http://www.exo.is)



*Kal kemur frá Serbiú og spilar kraftmikla stuðtónlist, ættaða frá balkanskaganum.*

### FÖSTUDAGUR

Kvöldið á vafalaust eftir að verða bæði frumlegt og dillivænt.

Fyrstur upp á svið verður Svínn knái Petter Winnberg sem margir þekkja sem bassaleikarann í reggsveitinni Hjálumum. Petter hefur hins vegar verið að vinna að eigin efni að undanförnu sem er víst hreinræktar rhythm and blues, R'nB, og mun hann flytja lög sín ásamt vel völdum vinum. Næstir í röðinni er síðan hljómsveitin Flís ásamt sjálfum Bogomil Font en þeir hafa verið að vinna saman að efni að undanförnu og er plata væntanleg innan skamms. Sjálf tónlistin segja þeir að byggist á calypso tónlist frá Trinidad og Tobago og klúrum íslenskum textum og fréttaskýringum, sannarlega áhugaverð blanda. Seinasti dagskráliðuk kvöldins er síðan plötusnúðaklúbbasett frá hinu virta Soul Jazz plötufyrirteki þar sem plötusnúðar þeyta reggi-, fönki-, dubbi-, rocksteady-, og fleiri skífum líkt og ekkert sé. Hér verður gestum gefið laust taumhald enda viðeigandi á föstudagskvöldi.



Hin írska Salsa Celтика þykir ástriðufull og kraftmikil á tónleikum sínum.

### SUNNUDAGUR

Fjörið heldur áfram á

lokadeginum. Fyrri hljómsveit kvöldins er Blue Truck sem er blús-hljómsveit KK og verður gaman að sjá útkomu þess verkefnis. Seinni hljómsveitin heitir Salsa Celтика og kemur frá Írlandi en sækir hins vegar mikið af áhrifum í salsa og aðra kúbanska tónlistarstrauma, jafnt sem sveitin heldur sig við keltneskar hefðir. Líkt og hljómsveitin KAL er hér um mikla stuðhljómsveit að ræða og á hljómsveitin væntanlega eftir að setja flottan punkt yfir i-ði á þessari finu hátið. Vonandi að hún sé komin til að vera.



Petter Winnberg hefur gefið reggínu smá hlé og býr nú til hreinræktar rhythm and blues.

### LAUGARDAGUR

Tónlist laugardagskvöldsins verður ekki síður dillivæn en tónlist föstudagskvöldsins. Hér mun tónlist frá Austur-Evrópu ráða ríkjum, tónlist sem verður knúin áfram af gleðinni einni saman. Hæst bera að nefna hljómsveitina KAL sem kemur frá úthverfi Belgrads í Serbiú. Hefur hljómsveitin verið að vekja töluvert umtal í Evrópu upp á síðkastið með fyrstu plötu sinni og hefur tónlist sveitarinnar verið lýst sem þjóðlegu balkónsku rokkabilí. Upphitun fyrir KAL er heldur ekki af verri endanum en hún er í höndum hinnar rammíslensku Stórsveitar Nix Noltes. Hljómsveitin hefur fengið umtalsvert lof á undanförnum misserum, bæði hér og erlendis, og þá sérstaklega fyrir tónleika sína.



Flís og Bogomil Font hafa verið að vinna saman að plötu og er afriksturinn vætanlegur bráðlega.



## Vorblótið hafið

Vorblót Herra Örlygs hófst með pompi og prakt í gær. Um er að ræða tónlistarhátið sem áætlað er að verði að árlegum viðburði hér á landi. Tónlist hátiðarinnar má lýsa sem einhvers konar samkrulli ýmissa heimstónistarstefna, nefna má fönk, salsa, bossanova og fleiri. Á hátiðinni verða margir afar frambærilegir tónlistarmenn og þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Petta er ekki fyrsta hátiðin sem Herra Örlygur stendur fyrir því fyrirtæki sér líka um hina mögnuðu Iceland Airwaves hátið. Er ætlun Herra Örlygs að Vorblótið nái að festa sig eins vel í sessi í íslensku tónlistarlfí og Airwaves hátiðin.

Hátiðin hófst í gær og mun hún standa fram á sunnudag. Í gær stigu á stokk meðal annars óskasynir íslensku þjóðarinnar, Mezzoforte, og einnig brasílski tónlistarmaðurinn Ife Tolentino. Framhaldið verður svo sannarlega ekki lakara.

# 25%

Afsláttur af sumardekkjum

ÞÚ FÆRÐ

## sumardekk

Á SÚPER-VERÐI

&


-25%

AFSLÁTTUR AF  
vinnu  
við smur

&

Ótrúleg  
tilboð!

á  
jeppa-  
dekkjum



**BÍLKÓ** - Betri verð!

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



Meira fyrir minna!  
Bíll frá kr. 1.950 á dag\*

**HASSO**

**Car-rental**

Hasso Ísland - Smiðjuvegi 6, rauð gata, sími 555 333 0

Tel: 555 333 0

\*Verð er án kílómetragjalds.

LÍÓSMYND: TEITUR



LÍÓSMYND: STEFÁN

*“Ef þú kaupir málverk á 3-4 milljónir gerir þú lítið annað við það en að hengja það upp á vegg og dást að því öðru hvoru. Afhverju ekki að gera það við fallegan bíl?”*

## Krúsararnir.

# HAFA ÓBIL

Eg vissi ekki við hverju ég átti að búast þegar ég renndi inn á vel falið bílaplan bak við Húsgagnahöllina. Petta var seint að kvöldi og það hellirigndi. Leigubílstjóriinn iðaði í framsætinu eins og hann byggist við því að ég hefði eitthvað misjafnt í huga. Dimmt húasund seint um kvöld í miðju iðnaðarverfi. Annað eins hefur gerst í Reykjavík. Það léttist heldur betur á honum brúnin, og svei mér ef kjálkinn seig ekki nokkra sentímetra líka, þegar við beygðum fyrir hornið og áfangastaðurninn blasti við. Í miðri grámyglunni á sumardeginum fyrsta, milli veggja þöktum veggjakrotti, gáma og spýtnabräks stóðu tugir bíla. Fornþílar, gamlir bílar, nýjir bílar, glesibílar og druslur. Allir á sama plani. Ég var kominn í heimreið Krúsaranna.

### GVENDUR FORD OG FÉLAGAR

Krúser-hópurinn er flokkur manna sem eiga það eitt sameiginlegt að deila ótæmandi ást á bílum. Peir hittast öll fimmtudagskvöld á Bíldshöfða 18, sýna sig og sjá aðra. Ég var mjög forvitinn að hitta þessa menn. Bíladella hefur ávallt verið mér hulinn heimur. Allt frá því í barnaæsku er ég bað föður minn að útskýra hvað kerti gera í bílvélu. Eftir að hafa blaðað með mér í hnausþykkuum leiðarvísi í 40 mínútur, og ekki enn komist inn fyrir húddið, gafst ég upp og hef ekki reynt síðan. Þess vegna tók ég því fegins hendi er Guðmundur Þór Ármannsson hrингdi og bauð mér að hitta Krúsaranu. Ef einhver gæti vakið í mér löngun í að bruna um þjóðvegi landsins með blæjuna niðri þá hlyti það að vera maður sem kallaður væri Gvendur Ford.

Krúser-félagsskapurinn er enn í bleyju. Hann var formlega stofnaður fyrir nokkrum vikum en eins og Hjálmar Hlöðversson, formaður klúbbins, uppljóstraði fyrir mér hefur meðgangan verið í lengra lagi. „Það er búið að vera á döfunni að stofna svona klúbb í tvö ár.“ segir Hjálmar. „Við erum búnir að hittast lengi hér í Bíldshöfðanum og það var kominn tími á að gera þetta að formlegum félagsskap.“ Bílnir sem standa inni í húsnæði klúbbins og á planinu eru vægast sagt stórglesilegir. Flestir bílanna eru amerískir fornþílar í mjög góðu ástandi. Mustang og Impala bílar.



Texti: TRYGGVI GUNNARSSON  
Myndir: STEFÁN OG TEITUR

# ANDI ÁHUGA Á BÍLUM

Blæjubílar og hardtoppar. Greinilegt er að mikioð er lagt í bílana og margir þeirra virðast í betra ástandi en þegar þeir komu út úr verksmiðjunni. Hver einasta smáatriði er yfirfar-ið. Það sem fyrst blasir við eru óteljandi vinnustundir sem farið hafa í bón og þegar skygginst er undir húddin á bílunum koma í ljós hreinar og vel farnar 8 strokka vélar sem mala eins og vel aldir heimiliskettir. Eitthvað allt annað en mjálmið í þeim japónsku dollum sem eigið hef átt. Reynr er að haldla í eins mikioð af upprunalega bílnum og haegt er. Skipt er um það sem ónýtt er og að sjálfsögðu er búið að koma fyrir örlistu af nútímanum í bílana. Mælar sýna olíuprýsting og geislaspilarar eru faldir í hanskahólfum svo haegt sé að hlusta á gamla smelli hvenær sem er.

Prátt fyrir að flestir bílanna séu fornþílar er það engin regla. Inni í skúr var líka tiltölulega nýr Porsche og Corvetta frá 8. áratuginum. Það eru allir velkomnir sem einhværn áhuga hafa eða eru einfaldlega forvitnir. Markmið Krúser-félagsins eru einföld. Í stefnuskrá þeirra eru þau orðuð svona:

- a. að viðhalda klassískum bílum og stuðla að varðveislu þeirra.
- b. að standa vörð um hagsmuni bíleigenda og efla kynni þeirra á milli.
- c. að stuðla að góðakstri innan félagsins og góðri umgengni um bíla og sögu þeirra.
- d. að efla samstöðu og kynni milli annarra sambærilegra klúbba.

Eftir að hafa spjallað við félagsmenn og stjórnarmeðlimi, upp-ljóstrað fáviku minni á sviði bíla, og spurt allra formlegu spurninganna, komst að ég því að mikilvægasta atriðið, það atriði som klúbburinn snýst um, vantar á markmiðaskrá Krúsaranna:

- e. Að hittast, spjalla, hlæja, skiptast á sögum og hitta gamla og nýja félaga.

Klúbburinn er því í eiginlegum skilningi saumaklúbbur. Gömlu karlarnir á gömlu bílunum metast um það hvor sé



*Ef einhver gæti vakið í mér löngun í að brunna um þjóðvegi landsins með blæjuna niðri þá blyti það að vera maður sem kallaður væri Gvendur Ford.*

betri, Fordinn eða Chevrolettinn og hlæja svo hvor að öðrum. Unga strákarnir á nýju Corvetturnum fá að bera saman vélina í Impala '57 og í sinni drossíu og læra í leiðinni nokkur ný töfrabrogð í vélaviðgerðum af gömlu jálkunum.

## KARLAKLÚBBUR

Krúser-klúbburinn er karlægur klúbbur. Það eru einhverjar konur í klúbbnum en hverju sem um er að kenna, eða þakka, eru það karlhormón sem ráða ríkjum. En hvað finnst konunum sem heima sitja, eða eru að gera það sem þær hafa áhuga á, um bílaástríðuna? „Þær eru ánægðar með þetta, þær vita pá

alla vega hvar við erum öllum stundum,” segir Hjálmar og uppsker hláturroku frá félögum sínum. „Auðvitað eru einhverjar sem ekki eru sáttar en langflestum finnst þetta sniðugt,” heldur Hjálmar áfram öllu alvarlegri. „Til dæmis hafa þær verið duglegar að koma með okkur þegar við fórum á Daytona-kappakstur og bílasýningu. Við karlarnir fórum að skoða þær þúsundir bíla sem til sýnis eru á meðan konurnar kíkjá á útsölu.“ Karlarnir glotta að þessu og kinka kolli til samþykkis. „Við höfum verið að fara í kringum þakkargjörðarhátiðina en þá eru bestu útsölnnar,” bætir Gvendur við. „Það er eiginlega hættuminna að taka þátt í kappakstrinum en að hætta sér á margmenna útsölu þar sem maður getur troðist undir.“ Aftur dynur hláturinn og samtalið leiðist út í sögur af

eiginkonunum. Petta eru skemmtilegar sögur. Sögur af því þegar konurnar komu eiginmönnum til varnar þegar bílaáhuginn var undir áras og sögur af þrotlausri þolinmaði. Undir laginu af smurolíu og þykki karlmennsku sá ég glitta í mein sem voru mökum sínum afskaplega þakklátir fyrir skilninginn á þessari tímageypandi ástriðu.

#### AKA EKKI Í RIGNINGU

Það er griðarleg gróska á fornbílakrinum á Íslandi. Mikið er flutt inn af bílum og er eitt af óopinberum stefnumálum klúbbssins að frumsýna einn nýjan bíl á hverjum fimmtudegi. Petta hafa þeir gert um skeið og jafnvél sýnt tvö á kvöldi. Petta þótti mér afar merkilegt því það þýddi að hundruð ef ekki þúsundir fornbíla væru til á landinu.

„Við höfum farið á rúntinn og röðin hefur náð frá Hlemmi, niður allan Laugaveginn, að Sundahöfninni,” segir Einar Káráson stjórnarmeðlimur Krúsara. „Fyrst koma gestir veitinga- og kaffihúsanna út að skoða okkur, svo koma þjónarnir og maður veit að maður hefur náð öllum út þegar kokkarnir birtast.“

Dags daglega verður maður engan veginn var við allan þennan fjölda fornbíla. Petta er vegna þess viðhorfs sem eigendur fornbíla hafa gagnvart bílum sínum. Petta eru dýrgripir. Dýrgripir sem þeim þykir ákaflega vænt um. Fæstir keyra bílana þegar blautt er. „Það fer svo mikill skítur í bílana,” éda „égg vil ekki að hann ryðgi,” eru svör sem flestir gefa. Það mætir enginn í vinnuna á ’64 árgerð af Mustang. Ég frétti jafnvél af einum sem aldrei keyrir sinn bíl. Dytta endalaust að honum og á varahluti sem aldrei nýtast enda fer bíllinn aldrei út úr bílskúrnum. Ef það væri pláss í stofnuni færí hann örugglega þangað inn. Petta fannst mér afskaplega furðulegt. Til hvers að eiga bíl sem ekki má keyra? Flestir krúsarar voru mér sammála þangað til einn þeirra kom með áhugaverða athugasemd. „Ef þú kaupir málverk á 3-4 milljónir gerir þú lítið annað við það en að hengja það upp á vegg og dást að því öðru hvoru. Af hverju ekki að gera það sama við fallegan bíl?“

#### RIDDARAR GÖTUNNAR

„Við vorum einu sinni að rúnta í bænum þegar grindin undir bílum gefur sig. Annað framdekkio færðist alveg undir bílinn og hann lyftist upp að framan. Við fórum allir úr bílum til að sjá hvað hefði gefið sig. Þá kemur löggan á fullu spani alveg brjáluð. Spyr hvað í fjáranum við séum að laga bíllinn úti á miðri götu, búinir að tjakka hann upp og allt. Þegar þeir sáu hjólið undir bílum sáu þeir að sér enda afskaplega vandræðalegt fyrir greyin.“ Petta er dæmi um þær sögur sem ég fékk að heyra þetta kvöld. Þær voru mun fleiri og margar sem aldrei munu rata á síður virðulegra tímarita. „Hver er munurinn á ljóskunni þinni og fornbílum þínum? - Pú lánar ekki hverjum sem er fornbíllinn þinn!“

Þegar klukkan var farin að ganga eitt fékk ég far heim á leið með Gvendi Ford. Það er ekki laust við að eftir kvöldið og bíltúrin hafi hið karlmannlega frumeðli að hafa áhuga á öllu með hjólum vaknað. Hvernig er annað hægt þegar maður svífur um regnvotar götur höfuðborgarinnar um miðja nótt með 200 hestöfl undir hægri fætinum. Loksins skil ég, loksins er ég líka orðinn riddari götunnar.



ÞÓSMYND: TEITUR

*Klúbburinn er því í eiginlegum skilningi sauma-klúbbur. Gömlu karlarnir á gömlu bílunum metast um það hvor sé betri, Fordinn eða Chevrolettinn og hlæja svo hvor að öðrum. Ungu strákarnir á nýju Corvettunum fá að bera saman vélina í Impala '57 og í sinni drossíu og læra í leiðinni nokkur ný töfra-brögð í vélaviðgerðum af gömlu jálkunum.*



SIMPLY CLEVER

## Afl og hagkvæmni

**TDI**

HVITA HÚSB / SIA - 4098

**TDI<sup>®</sup>** dísilvélin eyðir aðeins  
**4,9 lítrum\***

## SkodaOctavia

Skoda Octavia með **TDI<sup>®</sup>** dísilvél sannar að afl og hagkvæmni þarf ekki að vera mótsögn. Hér er kominn bíll sem sameinar fullkomlega sparneytni og kraft. Vélín er 1,9 lítra, aflmikil og hljóðlát og skilar 105 hestöflum. Þrátt fyrir það er eyðslan ótrúlega lítil, aðeins 4,9 lítrar í blönduðum akstri. Svo er Octavia **TDI<sup>®</sup>** fáanlegur beinskíptur, sjálfskiptur og með sitengdu aldrifi.



### GullnaStýrið

Skoda Octavia hefur meðal annars hlotið Gullna stýrið, einhver eftirsóttustu bílaverðlaun heims.

\*M.v. 100 km blandaðan akstur





# GHOSTDIGITAL Á MÁNUDAGINN

Heitasta plötusnúðadúóið á Íslandi, Ellen og Erna, taka þúlsinn á því besta sem er að gerast í íslenskri jaðartónlist.

FYLGSTU MED!





AMERICAN IDOL  
MÁNUDAGA KL 21:00



# NÚ FER AÐ DRAGA TIL TÍÐINDA!

Hver verður næsta Idol stjarna Bandaríkjanna?

FYLGSTU MEÐ!



# Smart buxur & pils

*Kynning*



NOA NOA - Kringlunni  
Verð kr. 6.390

Aðsniðnar gallabuxur eru aðalmálið þessa dagana sem og kvartbuxur enda sumarið komið. Hvítar og rauðar gallabuxur koma heitar inn þetta sumarið sem og svartar og appelsínugular. Leðurjakkar eru einnig vinsælir enda klassísk eign sem passar við flest allt.

Par sem sólin hækkar stöðugt og dagurinn lengist er um að gera að dressa sig líka upp í flottu pilsí á fallegum sumardegi.



KISS - Kringlunni  
Verð kr. 5.990



Levi's Store - Smáralind  
verð kr. 9.990  
einnig til í svortu, rauðu, ljósum lit og í Standard Fit





NEXT - Kringlunni  
Verð kr. 3.690



NEXT - Kringlunni  
Verð kr. 3.690



Gallabuxnabúðin - Kringlunni  
Verð kr. 14.900



KISS - Kringlunni  
Verð kr. 5.990



NEXT - Kringlunni  
Verð kr. 7.690



# Ilmur af nýbökudu brauði

Umsjón HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR  
Myndir GUNNAR SVERRISSON  
Rítstjórar tímaritsins Veggföðurs

Það er fátt sem er nálægt þessum ilmi og freistingunni að fá sér sneið. Hér eru skemmtilegar uppskriftir fyrir áhugafólk um brauðbakstur... sem og alla aðra brauðunnendur.

## HRÍSGRJÓNABRAUÐ ➤

4 dl vatn  
2 dl soðin hrísgrjón  
25 g ger, hálfur poki  
1 tsk. kóríander  
2 tsk. salt  
1 msk. olía  
550 g hveiti

Blandið saman vatni, hrísgrónum, geri, salti og olíu. Hraerið hveitið smátt og smátt út í blönduna og hnoðið deigíð. Látið hefast í klukkustund. Hnoðið eftir það á hveitistráðu borði. Látið smjörpappír á bökunarplötu. Takið hring af springformi, 26 cm, og látið deigíð ofan í hringinn á plötunni. Látið hefast aftur í 30 mínútur. Penslið með kaffi og ristið munstur í brauðið með beittum hnif. Bakið í miðjum ofni við 220°C í 35-40 mínútur. Notið lægri hita ef bakað er í blástursofni.





Jói  
Fel

# Veislubjónusta að hætti Jóa Fel



- allt eftir þínum óskum!

Kleppsvegi 152  
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 8 - 16.  
Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.

Pantanir í síma:  
**588 8998**



### FLÉTTUBRAUD MED SPELMJÖLI

Uppskriftin miðast við 2 braud.

- 100 g smjör
- 50 g þurrger
- 2 1/2 dl mjólk
- 1 tsk. salt
- 2 msk. sykur
- 1 egg
- 200 g spelmjöl
- 250 g hveiti

Bræðið smjörið, setjið í skál og hellið mjólkinni út í. Blandan skal vera ilvolg. Setjið gerið, saltið og sykurinn saman við, hrærið eggjð og blandið því út í. Loks fer spelmjölið og hveitið í blönduna og hnoðið nú vel. Látið deigið hefast þar til það hefur tvöfaldar stærð sína. Skiptið því þá í tvennt og síðan í þrennt og fléttið saman. Setjið brauðin á plötu með bökunarpappír og látið þau hefast aftur í 30 mínútur. Penslið með eggj og stráið perlusykri yfir. Bakíð við 200°C í venjulegum ofni en 180°C í blástursofni í um 20 mínútur.

### ÍTALSKT OSTABRAUD MED OREGANO

- 50 g ger
- 1/2 l mjólk
- 150 g góður ostur, rifinn
- 1 1/2 - 2 tsk salt
- 2 tsk. oregano
- 550-600 g hveiti

Látið gerið í skál, velgið mjólkina og hellið yfir gerið. Blandið saman hveiti, salti, oregano og rifnum osti og hrærið smátt og smátt saman við mjólkina. Hnoðið deigið vel og látið hefast í 40 mínútur. Hnoðið aftur og skiptið í two hluta, hvorum hluta er síðan skipt í þrennt, hver hluti rúllaður til og brauðið fléttad saman. Látið brauðin í ólúsmurð form, 2 lítra, og látið hefast aftur í 30 mínútur. Penslið með bráðnu smjöri og stráið parmesanost yfir, einnig má strá smá oregano yfir brauðin. Bakíð við 200° hita í 40 mínútur á neðstu rim en ef um blástursofni er að ræða eru brauðin bökuð á 160° hita í miðjum ofni.



Nytt!

# Tapini tapaskex



Unaatslegt med ostum...



...edja bara ett og sér!

FIMM KYNSLÓÐIR FINLANDIA:

# Megináherslan lögð á hönnun



Finnar hafa verið í fremstu röð í hönnun um áratuga skeið. Þegar þeir hófu að huga að útrás í vodkaframleiðslu undir lok sjöunda áratugarins var megináherslan lögð á hönnun umbúðanna – ímyndin yrði byggð á flöskunni. Ákveðið var að hún yrði að vera stílhrein en jafnframt afgerandi og ekki síst var mikilvægt að flaskan endurspeglæði uppruna drykkjarins.

Tapio Wirkkala, kunnur finnskur listamaður hannaði flösku sem túlka átti ískaldan drykk frá Lapplandi. Hún endurspeglæði helstu kosti vodka; hreinleika og ískaldan ferskleika. Valið á nafninu var ekki síður mikilvægt og í viðamikilli alþjóðlegri könnun meðal neytenda hlaut Finlandia afgerandi kosningu, auðvelt þótti að muna nafnið, það hafði tilvísun í gæði og uppruna vörunnar og þótti vekja vinaleg hughrif sem tengdust ímynd fólks af Finnum. Tilvísunin í hið fræga verk Jean Sibelius gaf svo lokatóninn.


Frumgerð Finlandia flöskunnar var með rauðum tappa og miðinn svartur í grunninn. Sú flaska hélt útliti sínu í rúman áratug en 1983 var henni breytt lítillega. Sjö arum síðar var flöskunni breytt á nýjan leik. Á flöskumiðanum hafði hreindýrunum fjölgað um eitt og voru þau nú hætt að kljást!

Vinsældir Finlandia jukust stöðugt en með breyttum áherslum í hönnun og nýjum tískustraumum varð fljótlega ljóst að enn þyrfti að breyta flöskunni til þess að styrkja ímyndina. Var verkið falið Hanson Associates í Fíladelfiu í Bandaríkjum. Hin endurborna Finlandia flaska leit dagsins ljós 1998, stílhreinni, grennri og nútímalegri en áður.



Nýja últitið sló strax í gegn og salan í Bandaríkjunum nær tvöfaldaðist í kjölfarið. Á nýri öld var talið að útfæra þyrfti últitið enn frekar í takt við nýja tíma og nú var leitað heim til Finnlands á nýjan leik og einn efnilegasti hönnuður Finna, Harri Koskinen, fenginn til að stýra verkinu. Nýjasta flaskan er hærri og grennri auk þess sem ísinn er meira áberandi en áður en nú mykri.

Hönnunin á Finlandia flöskunni hefur allt frá upphafi verið mikilvægasti þátturinn í markaðssetningu vörunnar. Allar flöskurnar í sögu Finlandia hafa verið margverðlaunaðar. Má nefna að tvær fyrstu flöskurnar voru sýndar á sýningu yfir það besta í finnskri glerlist í Victoria & Albert safminu í London og þóttu verðugur fulltrúi hinnar merku hefðar landsins í þeirri listiðn. Núverandi flaska hefur þegar hlotið viðurkenningu hjá International Wine & Spirits magazine. Flöskurnar má auk þess finna á mörgum heimilum í hlutverki blómovasa eða kertastjaka og sýnir það kannski betur en nokkuð annað hversu mikilsmeitin hönnun Finlandia flöskunnar er.





Stíll stjarnanna »

## EINFALT EN EINSTAKLEGA FLOTT

Texti: STEINPÓR HELGI ARNSTEINSSON  
MYNDIR: GETTY IMAGES OG STEFÁN

Leikarinn og ofurtöffarinna breski Clive Owen var nýlega kosinn best klæddi maður ársins 2006 af lesendum tímaritsins GQ. Hafði hann þar meðal annars betur en menn á borð við David Beckham, Tom Ford, Jude Law og fleiri. Clive Owen hefur afar einfaldan stil, sem gengur samt sem ádur 100 prósent upp. Sannar það enn og aftur þá staðreynd að oft þurfi ekki að leita langt yfir skammt. Á þessari mynd, sem tekin var á frumsýningu nýjustu myndar hans, Inside Man, klæðist Owen afar

heðfbundnum fatnaði en er þrátt fyrir það einstaklega flottur. Lítill smáatriði eins og að hafa hneppt frá efstu tölunni og láta bindið liggja laust um kragann gera það að verkum að Owen er ekki of finn en samt fágaður með pínulítilli skvettu af rokki. Jakkar úr sléttu flaueli með smá glans þykja líka einstaklega flottir um þessar mundir og buxur með broti eru alltaf klassískar. Hefðbundið en samt flott.



# SUMARSKÓRNIR



ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Garðatorgi GARDABÆ

SÍMI 517-4806




Kristín Eva Þórhallsdóttir  
elur upp

## Aðskilnaður

Skömmu fyrir pánska gerðist ég svo djörf að yfirgefa börnin í tvær vikur, svo að við foreldrarnir gætum átt langþráð frí frá daglegu amstri og barnauppeldi. Fríð var vel skipulagt og ég var með fiðring í maganum og hausinn upppullan af dagdraumum nokkrum vikum fyrir ferðina og gat varla beðið eftir að hoppa upp í flugvélina og halda til draumlandsins. Þegar nær drög fór ég að kvíða því að yfirgefa börnin mínn. Ég fór að stara á þau á kvöldin eftir að þau voru sofnuð, eins og ég myndi aldrei sjá þau aftur og ég var lengur en vanalega að kveðja þau í leikskólanum á morgnana. Dagdraumarnir viku fyrir áhyggjum og fiðringurinn í maganum varð að hnút. Kalifornía er langt langt í burtu og ef eitthvað hræðilegt kæmi upp á væri leiðin heim ansi löng. Ég sá fyrir mér að dagar þeirra yrðu upppfullir af sorg og söknuði og þau ættu erfitt með að sofna á kvöldin því ég væri ekki til staðar. Mér varð hugsað til órangtúanna, en þeirra afkvæmi sleppa ekki móður sinni fyrsta ár ævi sinnar, aldrei. Mörgæsaungar sem missa móður sína deyja víst, jafnvel þótt aðrar mæður reyni að taka þær upp á sína arma. Reyndar eru börnin mínn hvorki apar né mörgæsir og þau voru í góðum höndum ömmu sinnar og afa allan tímann, sem veittu þeim takmarkalausa ást og umhyggju. Að sjálfsögðu þótti þeim þetta ekkert mál, og jú þau söknuðu foreldra sinna, en þó ekki svo mikil að þeim væri meint af. Þau fengu líka pánskaegg og allt annað fell í skuggann af þeim og svo segir mér hugur að þau hafi lítið verið að hugsa um mömmu og pabba þegar þau jópluðu á dísætu súkkulaðinu. Auk þess áttuðu þau sig fljótt á því að þau gætu stórgrætt á þessu fríu foreldra sinna sem kæmu heim færandi hendi.

Áhyggjur mínar hefðu frekar átt að beinast að mér þar sem ég sendi svona 400 sms skeytti og tölvupóst heim fyrstu dagana til að forvitnast um hagi barnanna. Sjó klukkustunda tímamismunur gerði það að verkum að ég gat ekki hrинг í þau öllum stundum, sem betur fer. Taugarnar náðu þó að róast þegar leið á ferðalagið og ég áttaaði mig loks á því að ég þyrfti ekki að hafa neinar áhyggjur. Við heimkomuna voru vissulega fagnaðarfundir og ekki gat ég séð að þessi aðskilnaður hefði fengið sérstaklega á börnin, og engin merki voru um andlega bresti.

Dóttir mínn gerðist reyndar síamstvívuri minn í nokkra daga og fylgdist hún grannt með hverri hreyfingu minni til að tryggja að ég færi ekki aftur. Hún var alsæl að fá mömnum sína aftur og ég var alsæl að vera komin aftur sem endurnærð, úthvíld og ekki eins taugaveikluð mamma.



## Allt í röð og reglu

Lítil börn geta auðveldlega lært að taka til eftir sig og hafa ekki gott af því að þurfa aldrei að gera það. Foreldrar geta til dæmis haft það fyrir reglu að börnin gangi alltaf frá því sem þau eru hætt að leika sér með áður en þau byrja á því næsta, og þannig er hægt að komast hjá því að barnaherbergið sé alltaf á hvolfi. Í flestum leikskólum þurfa börnin að fara eftir einhverjum svona reglum og ef þau geta það þar eiga þau ekki í neinum vandræðum með að gera það sama heima hjá sér. Ef foreldrarnir vilja ekki setja börnunum of strangar reglur of snemma, er auðveldlega hægt að spyrjast fyrir um það í leikskólanum hvaða reglur séu þar og reyna að hafa svipaðar reglur inni á heimilinu.

## Í leikskóla er gaman

*Foreldrar sem eiga börn á leikskólaaldri geta haft nokkur hagnýt atriði í huga þegar þeir velja fót á barnið fyrir leikskólanum.*



**1** Veljið frekar buxur og pils sem eru með teygju í mittinu heldur en með rennilásum, tölum og öðru sem erfitt getur verið fyrir barnið að ráða við þegar þarf þarf að fara á klósettið.

**2** Veljið fót með frónskum renni lásum, stórum tölum og víðum hálmásum sem auðvelt er að ná yfir höfuðið svo barnið geti klætt sig sjálfst og í.

**3** Veljið fót sem má þvo og auðvelt er að ná málningu, drullu og grasgránku úr því börn í leikskóla þurfa að geta subbað sig svoltíð út til þess að geta skemmt sér.

**4** Veljið fót sem eru vel rúm á barnið því börn á þessum aldrí vaxa hratt og ef fötin smellpassa þegar þau eru keypt verða þau fljótt of lítil.

**5** Veljið ekki alltof þykk fót því börnum líður ekki vel ef þau eru of dúðuð. Ef kalt er úti er betra að hafa barnið frekar í fleiri flískum sem er auðveldlega hægt að fækka ef því verður of heitt.

**6** Veljið útifót sem hægt er að festa á barnið. Vettlingar með bandi eru til dæmis mjög sniðugir því þeir týnast ekki þó að barnið taki þá af sér úti og húfur sem bundnar eru undir hökuna hverfa síður en þær sem eru alveg lausar.



Konur  
eins og þú!



# Hefur þú þrófað Pleasure Crème?



## Náttúrulegt krem til að auka unað í kynlífi

Hér getur þú  
lesið reynslusögur  
nokkurra kvenna  
sem hafa þrófað  
Pleasure Crème

Vega viðkvæmni kynferðismála, vilja  
konurnar ekki koma fram undir nafni



**Pleasure Crème**

Pú færð  
Pleasure Crème  
og Pleasure Egg  
í apótekum,  
á [www.femin.is](http://www.femin.is),  
[www.doctor.is](http://www.doctor.is)  
og í Fríhöfninni

Ég er 46 ára gömul og er nærrí tíðahvörfum. Ég hef átt mjög erfitt með að fá fullnægingu og þarf heilmikla örvun á snípinn til að ná henni. Ég get hiklaust mælt með Pleasure Crème! Við að bera kremið á fann ég fyrir unaðslegri tilfinningu. Eftir nokkura mínlítna létt og stöðugt nudd varð snípurinn ákaflega tilfinninganaemur og ég fann hvernig hann tútnaði út! Það tók aðeins 1/3 venjulegs tíma að fá fullnægingu, og hún var stöðug og fullkomin. Ég hef sjaldan upplifað þessa tilfinningu. Ég hef sagt öllum vinkonum mínum frá Pleasure Crème: Þetta er BESTA kremið!

O.N.

Í fyrstu var kynlíf fyrir mér eingöngu til þess að fullnægia kærastanum mínum. Ég hef fengið fullnægingu, en þegar hún var að ná hámarki dofnaði hún alltaf eða hreinlega hvarf og ég gaft upp. Þetta hafði gífurleg andleg áhrif, sjálfstraustið dofnaði og löngun í kynlíf dó út. Virkilega sorglegt.

En þá kom þessi bytting eða æði eða hvað á að kalla það. Kræst, hvað þetta krem kom á óvart.

Ég setti ögn á snípinn og BÚMM það var eins og eldur færð um mig og ég fékk ólgandi tilfinningu um mig alla og svo raðfullnægingar.

Guð minn góður, þetta krem getur bjargað mannkyrinu eða kvenkyninu öllu heldur. Það ættu allar konur sem ekki hafa fengið það að prófa Pleasure crème.

Þetta er langbesta tilfinning sem ég hef upplifað. Ég mæli með þessu kremi fyrir allar konur á öllum aldri.

S.B.

Eftir að ég eignaðist barn fann ég fyrir mikilli kyndeyfð. Samfarir urðu líka mjög sársaukfullar vegna þurks í leggöngum. Vinkona míni ráðlagði mér að prófa Pleasure Crème, sem ég gerði. Kremið kryddaði svo sannarlega kynlífð hjá okkur hjónum að nýju. Með því að setja smá krem á snípinn á hverjum morgni, varð ég aftur eðlilega rök í leggöngunum.

H.J.

Undravara alveg hreint! Hefur lífgað allsvakalega upp á kynlífð hjá mér og unnustanum og ég sem hélt eiginlega að kynlífð hjá okkur væri frábært fyrir...

R.H.

Upplifun hvers notanda Pleasure Crème er einstök fyrir þá og þarf ekki að vera stöðluð reynsla annarra. Reynsla kvenna er breytileg og niðurstöður þínar kunna að vera frábrugðnar.

**Sendu okkur þína sögu inná [www.pleasurecreme.is](http://www.pleasurecreme.is)**

Frábær nýjung:  
Titrandi  
unaðsegg!



## Ugla sat á kvisti

Nú er komið að því að rifja upp sumarleikina og skella sér út að leika fyrir kvöldmat. Þetta á við alla, konur og karla, karla með skalla, káta krakkalakka og þig.

### KÖTTURINN OG MÚSIN

Skipt er í tvö lið, húsamýs og hagamýs, sem keppast um að ná í sem flesta ostu. Ostarnir geta verið hvað sem er, steinar, flíkur eða boltar, og er þeim komið fyrir í hrúgu sem kallast búrið. Búrið vernda tveir til þrír kettir og þeirra markmið er að klukka allar þær mýs sem þeir ná í. Mýsnar eiga að ná í ostinn og komast með hann heim í holu, þar sem ekki er hægt að klukka þær. Holan er í nokkurri fjarlægð frá búrinu. Sé mús klukkuð þarf hún að fara heim í holu, telja upp á 10 og reyna svo aftur. Sé hún klukkuð þegar hún er með ost þarf hún að skila honum og koma sér svo heim í holu. Nái hún að nappa einum osti, og það má bara taka einn ost í einu, og komast með hann heim, er osturinn öruggur í holunni og þaðan má enginn stela honum. Þegar allur osturinn er búinn vinnur það mísalið sem flesta ostu á. Allir skiptast að vera kettir því það er gaman að vera besti veiðikötturinn.

### BRENNÓ

Í þennan leik þarf brennibolta og leikvöll. Þáttakendum er skipt í tvö lið. Í hverju liði er útikóngur sem á þrjú líf. Hvort lið fyrir sig á að reyna að hitta andstæðingana. Þegar það tekst fer viðkomandi yfir til síns útikóns. Ef boltinn er gripinn á sá liðsmaður sem kastaði honum að fara til síns útikóns. Þegar aðeins einn maður er eftir á öðrum hvorum vallarhelmingi fer útikóngur þess liðs út og reynir að bjarga liðinu með þeim þremur lífum sem hann á. Þegar enginn er eftir á vallarhelmingi annars liðsins er það búið að tapa leiknum.

### TRÖLLIÐ OG BJARGVÆTTURINN

Einn er tröll og annar bjargvættur. Þáttakendur dreifa sér um opíð svæði. Tröllið hleypur á eftir þáttakendum og hrópar „kyrr“ þegar því tekst að ná í einhvern. Þá má sá sem var snertur ekki hreyfa sig. Tröllið reynir svo að kyrrsetja alla en bjargvætturinn getur skorist í leikinn með því að læðast að þeim sem eru kyrrir og frelsa þá. Þessi leikur þekkist einnig sem Eitur í flösku en þá standur sá sem er klukkaður með lappirnar í sundur þar til einhver skriður í gegnum þær, þá má hann hlaupa af stað á ný.

### 1-2-3-4-5 DIMMALIMM

Þáttakendur standa aftan við línu sem er í ákveðinni fjarlægð frá húsvegg. Einn grúfir sig upp við vegginn og segir upphátt: „Einn-tveir-þrí-fjórí-fimm-Dimmalimm“. Á meðan mega hinir ganga fram í áttina að honum. Um leið og hann er búinn að segja þuluna má hann líta yfir hópinn og ef einhver er þá enn á hreyfingu verður sá hinn sami að fara til baka á byrjunarreit. Allir mega svo klukka þann sem „er hann“ þegar þeir komast yfir línuma. Þá hlaupa allir til baka og sá sem „er hann“ reynir að klukka einhvern og þá á sá að grúfa næst.

# NÝJAR VÖRUR

kr. 108.600.-

## TUNGUSÓFI - SKEMILL FYLGIR

MICROFIBER ÁKLÆÐI  
LITIR: LJÓST (BEIGE OG LJÓSBRÚNN)



ÚRVAL HÚSGAGNA Á VERÐUM SEM  
KOMA ÞÉR ÞÆGILEGA Á ÓVART



kr. 119.900.-

## MEGAN 3JA SÆTA HÆGINDASÓFI

ÍTALSKT LEDUR  
LITIR: DÖKKBRÚNN, LJÓSBRÚNN  
OG SANDLITADUR



kr. 84.900.-

## PREMIUM SVEFNSÓFI

2JA SÆTA SVEFNSÓFI MED HEILSLUDÝNU  
MICROFIBERÁKLÆÐI



kr. 34.900.-

## BOSTON HÆGINDASTÓLL

MED RUGGU OG HÁTT BAK  
MICROFIBERÁKLÆÐI  
FÆST I MÓRGUM LITUM



kr. 43.900.-

## MEGAN HÆGINDASTÓLL

MICROFIBERÁKLÆÐI  
RAFMAGNSNUDD  
LITIR: LJÓSBRÚNN

kr. 43.900.-

## BOSTON HÆGINDASTÓLL

MED RUGGU OG HÁTT BAK  
ÍTALSKT LEDUR  
LITIR: DÖKKBRÚNN OG LJÓSBRÚNN

kr. 59.900.-

## MEGAN HÆGINDASTÓLL

ÍTALSKT LEDUR  
RAFMAGNSNUDD  
LITIR: LJÓSBRÚNN, DÖKKBRÚNN, SVARTUR OG GULUR

VISA OG EURO  
RAÐGREIÐSLUR

**VISALán**  
-HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

**SCTT**  
H Ú S G A G N A V E R S L U N

OPNUNARTÍMI: MÁNUÐ - FÖSTUD 11:00 - 18:00 LAUGARDAGA 11:00 - 16:00 SUNNUDAGA 13:00 - 16:00

SETT HÚSGAGNAVERSLEN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 534 1400 - WWW.SETT.IS

# Hollustuna heim!

**Hollur og góður kínamatur,  
stórir skammtar - beint heim til þín.**

**TILBOÐ 1**

Djúpsteiktar rækjur  
Original hot and sweet svínakjöt  
Snöggssteikt nautakjöt í ostrusósu  
Kínverskar eggjanúðlur m/kjúklingi og grænmeti  
Hrísgjón, súrsæt sósá, prjónar og soya sósá

**1.245 á mann**  
2.490 fyrir two

**TILBOÐ 2**

Djúpsteiktar rækjur  
Peking kjúklingur m/kínasveppum  
Wok steikt lambakjöt m/svartbaunásósá  
Original hot and sweet svínakjöt  
Hrísgjón súrsæt sósá, prjónar og soya

**1.345 á mann**  
2.690 fyrir two

**TILBOÐ 3**

**Rifjaparty**  
Konton svínarif  
Hrísgjón, prjóna og soya pokí af Maarud

**1.150 á mann**  
2.300 fyrir two

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY“

## B A R N A B O X



2 kjúklingaleggir franskar og kokteilsósá kinderegg  
**600 kr**



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

### FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspóntun er kr. 1.900.- en kr. 4.000.- í Hafnarfjörð. Opið: mán.-fim. 12-22, fös. og lau. 12-23, sun. 17-22

**PÖNTUNARSÍMI 552 2399**



### STRIK OG STOÐ

